



Borgarráð Reykjavíkur

Ráðhúsi Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Endurskoðun á úthlutunarreglum styrktarsjóðs fyrir fjöleignarhús til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla

Þann 27. júní sl. samþykkti borgarráð úthlutunarreglur fyrir styrktarsjóð ætluðum fjöleignarhúsum til að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla. Á því tæpa ári sem sjóðurinn hefur starfað hafa komið fram annmarkar á reglunum sem þarf að lagfæra.

Meðfylgjandi eru drög að endurskoðuðum reglum ásamt skýringum á breytingum. Lagt er til að borgarráð samþykki endurskoðaðar reglur sjóðsins.

Virðingarfyllst,

Guðmundur B. Friðriksson
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

Hjálagt:

Endurskoðaðar úthlutunarreglur styrktarsjóð til uppsetninga á hleðslubúnaði rafbíla ásamt skýringum



Reglur um styrki vegna hleðslubúnaðar fyrir rafbíla við fjöleignarhús

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar taka til styrkja sem Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur veita til húsfélaga fjöleignarhúsa í Reykjavík til kaupa, uppsetningar og tengingar á hleðsluadstöðu fyrir rafbíla á sameiginlegum bílastæðum á lóð viðkomandi fjöleignarhúss. Grundvöllur styrkveitinga er samkomulag Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík dags. 4. apríl 2019.

2. gr.

Það sem veitur er styrkur til

Veittur er styrkur til eftirfarandi þátta:

- a. Kostnað vegna ráðgjafar sérfræðinga um hönnun hleðsluadstöðu fyrir rafbíla við fjöleignarhús.
- b. Allan efniskostnað við að koma upp hleðsluadstöðu fyrir rafbíla á lóð fjöleignarhúss þ.m.t. hleðslustöð, raflagnaefni og festingar.
- c. Vinnu jarðvinnuverktaka og iðnaðarmanna við að koma fyrir raflögnum, setja upp hleðslustöðvar, tengingar raflagna og yfirborðsfrágang.
- d. Kostnaður við leyfisveitingar og heimtaugagjald.

3. gr.

Umsóknir og fylgigögn

Fulltrúi húsfélags skal sækja um rafrænt á „mínar síður“ á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is. Umsókn skal skila og fá samþykkt áður en búnaður er keyptur og framkvæmdir hafnar. Þó er heimilt að leita ráðgjafar sbr. a-lið 2. gr. áður en sótt er um styrk.

Með umsókn skal afhenda eftirfarandi fylgigögn: Lýsingu á framkvæmdinni, fjölda og staðsetningu hleðslustöðva sem áætlað er að setja upp, kostnaðaráætlun, tilboðum verktaka og hversu háan styrk sótt er um. Jafnframt skal fylgja lýsing á því hvernig gjaldfærslu fyrir notkun hleðslustöðvanna er háttað.

Staðfesting á samþykki húsfélagsins fyrir umsókninni, framkvæmdinni og breyttri notkun bílastæða sem ætluð eru til hleðslu rafbíla skal einnig fylgja umsókninni.

Ljúka skal framkvæmdum innan 6 mánaða frá því umsókn er samþykkt. Sé framkvæmdum ekki lokið innan þess tíma fellur vilyrði um styrk niður og þarf að sækja um að nýju. Húsfélag getur óskað eftir lengri frest til að ljúka framkvæmdum komi ytri ástæður s.s. veður, í veg fyrir að hægt sé að ljúka verkinu á tilskyldum tíma.

Að loknu verki skal afhenda eftirfarandi gögn: afrit af kvittunum fyrir öllum styrkhæfum kostnaði, yfirlýsingu löggilds rafverktaka um verklok og að það uppfylli allar kröfur þ.m.t. lokatilkynning til Mannvirkjastofnunar og ljósmyndir af hleðslustöðvum. Styrkurinn er greiddur þegar öll gögn hafa verið afhent í samræmi við ákvæði reglnanna.

Húsfélagi er heimilt að sækja um að nýju í styrktarsjóðinn hafi það ekki fengið hámarksstyrk úr fyrri umsókn. Frá hámarksstyrkupp hæð skv. 5. gr. dregst þá fyrri styrkur sem húsfélag hefur fengið.

4. gr.

Kröfur til hleðslubúnaðar og raflagna

Hleðslubúnaður sem settur er upp, lagnir og allur frágangur skal uppfylla kröfur íslenskra laga til raflagna og -kerfa og frágangs á þeim. Vinna við raflagnir og tengingar skal unnin af löggiltum rafverktaka. Fylgja skal leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar „*Hleðsla rafbíla og raflagnir*“.

5. gr.

Styrkupp hæð og afgreiðsla umsókna

Greidd styrkfjárhæð miðast við samþykktu umsókn húsfélags nema ef kostnaður er lægri samkvæmt framlögðum kvittunum. Miðast styrkupp hæð þá við framlagðar kvittanir.

Hámarks styrkupp hæð til hvers húsfélags er 1,5 m.kr, ein og hálf milljón króna, þó aldrei meira en sem nemur 67% af heildarkostnaði verksins, skv. 2. gr. sem greiddur er í samræmi 1. mgr. Ekki greiddur styrkur fyrir virðisaukaskatt af vinnulið og hleðslustöð meðan í gildi eru reglur um niðurfellingu virðisaukaskatts eða endurgreiðslu ríkissjóðs.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar leggur tillögu að styrkúthlutun fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð að fengnu samþykki Orkuveitu Reykjavíkur.

6. gr.

Takmarkanir á styrkveitingu

Styrkur er veittur til fjöleignarhúsa með íbúðum (íbúðarhúsa) vegna hleðslubúnaðar sem settur er upp á bílastæðum í sameign á lóð hússins/-anna.

Hleðslustöðvar skulu vera aðgengilegar öllum íbúum húsfélagsins og vera í eigu og umsjón húsfélagsins. Huga skal að því í upphafi hvernig kostnaði er skipt á milli þeirra sem nota hleðsluaðstöðuna. Hleðslustöðin skal geta haft samskipti (t.d. gsm) við miðlæga gagnasöfnun, sent upplýsingar um notkun og hleðslutíma til reikningsfærslu á hleðsluþjónustunni, vera búin búnaði til auðkenningar t.d. Rfid (Radio Frequency Identification) og hafa möguleika á álagsstýringu (t.d. skv. staðli OCPP 1.6) a.m.k. í framtíðinni.

Styrkur er greiddur til skráðs húsfélags skv. fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra en ekki til einstaklinga.

Ekki er veittur styrkur til húsa í byggingu og ekki er veittur styrkur til framkvæmda sem eru hafnar eða lokið þegar sótt eru um styrk.

Styrkur er eingöngu veittur til fjöleignarhúsa með 5 íbúðum eða fleiri samkvæmt skráningum fasteigna hjá Þjóðskrá Íslands.

Gerð er krafa um að viðkomandi húsfélag reki hleðsluaðstöðuna í að minnsta þrjú ár frá uppsetningu, að öðrum kosti áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefja húsfélagið um endurgreiðslu styrksins.

Styrkir eru greiddir í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur hverju sinni og umsóknir afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Fari skuldbindingar til styrkja á einhverjum tíma umfram höfuðstól sjóðsins má vísa óafgreiddum umsóknum til úthlutunar næsta árs. Um slíkar umsóknir gildir áfram að umsókn skuli fá samþykka áður en búnaður er keyptur og framkvæmdir hafnar.

7. gr.

Breytingar á reglum

Breytingar, sem samþykktar kunna að verða á reglum þessum, hafa ekki áhrif á styrkveitingu til þeirra, sem áður hafa fengið jákvætt svar við styrkumsókn, sbr. þó 3. mgr., 3. gr.

Reglur þessar voru samþykktar í borgarráði Reykjavíkur 14. maí 2020

Skýringar á breytingum á úthlutunarreglum styrktarsjóðs til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla

4. mgr., 3. gr., nú 2. mgr., 6. gr.

Við 4. mgr., 3. gr. er bætt við setningunni: „Húsfélag getur óskað eftir lengri frest til að ljúka framkvæmdum komi ytri ástæður s.s. veður, í veg fyrir að hægt sé að ljúka verkinu á tilskyldum tíma.“ Samkvæmt gildandi reglum skal ljúka framkvæmdum innan 6 mánaða frá því umsókn um styrk er samþykkt. Það hefur m.a. valdið því að húsfélög hafa þurft að ráðast í jarðvinnu í miklu frosti sem hefur hækkað nokkuð framkvæmdakostnað. Rétt er að rýmka reglurnar með möguleika á lengri frest til framkvæmda. Málsgreinin er jafnframt færð í 2. mgr., 6. gr. reglanna.

Ný málsgrein, 6. mgr., 6. gr.

Við 6. gr. er bætt við nýrri mgr.: „Húsfélagi er heimilt að sækja um að nýju í styrktarsjóðinn hafi það ekki fengið hámarksstyrk úr fyrri umsókn. Frá hámarksstyrkupp hæð skv. 5. gr. dregst þá fyrri styrkur sem húsfélag hefur fengið.“ Meðan lítið er um rafbíla getur kostnaður við uppsetningu hleðslubúnaðar staðið í þeim íbúum fjöleignarhúsa sem ekki eiga rafbíl. Húsfélög hafa því farið í smærri, kostnaðarminni framkvæmdir svo samþykki fáiast fyrir framkvæmdum meðal íbúa. Borist hafa fyrirspurnir um hvort sækja megi að nýju um styrk hafi ekki verið sótt um hámarksstyrk, 1,5 m.kr., í fyrri umsókn. Slík heimild er talin liðka enn frekar fyrir uppsetningu hleðslubúnaðar og fjölgun rafbíla í samræmi við markmið sjóðsins.

Ný málsgrein, 1. mgr., 5. gr.

Við 5. gr. er bætt við nýrri mgr.: „Greidd styrkfjárhæð miðast við samþykktu umsókn húsfélags nema ef kostnaður er lægri samkvæmt framlögðum kvittunum. Miðast styrkupp hæð þá við framlagðar kvittanir.“ Samkvæmt samkomulagi Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur leggur hvor aðili 20 m.kr. í styrktarsjóðinn á ári. Til að tryggja að greiddir styrkir fari ekki fram úr fjárheimildum þarf að tilgreina að styrkupp hæð miðast við samþykktu styrkumsókn en ekki framlagðar kvittanir að verki loknu nema þá að kostnaður sé undir áætlun í samþykktu umsókn, þá miðist styrkur við raunkostnað.

2. mgr., 5. gr.

Þar sem ríkið hefur fellt niður virðisaukaskatt af hleðslustöðvum fyrir rafbíla á tímabilinu 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2023 og endurgreiðir nú 100% virðisaukaskatt af vinnu við uppsetningu hleðslustöðva undir „Allir vinna“ áttakinu, er talið eðlilegt að styrkur miðist við hleðslustöð og vinnulið án virðisaukaskatts.

3. mgr., 5. gr.

Málsgreinin er ný. Eðlilegt er að fagrað afgreiði umsóknir frekar en starfsmenn á Umhverfis- og skipulagssviði.

3. mgr., 6. gr.

Setningin „Búsetufélög eða aðrir lögaðilar geta ekki sótt um styrk“ er tekin úr málsgreininni. Þessi setning var upphaflega sett í úthlutunarreglurnar að fyrirmynd reglna sem Oslóborg

hefur m.a. þar sem ekki var þekkt hversu mikil aðsókn yrði í sjóðinn. Óskað hefur verið eftir því að þessir aðilar séu einnig styrkhæfir.

7. gr.

Greinin: „

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Í upphafi verður gert frávík frá þeirri reglu að úthluta í þeirri röð sem umsóknir berast, sbr. 7. mgr. 6. gr. Gefinn verður frestur til 1. september 2019 til umsókna um styrk frá birtingu reglna þessara. Að þeim fresti loknum verður umsóknum forgangsraðað, í fyrsta lagi eftir fjölda hleðslustaða og í öðru lagi eftir kostnaði þar sem lægri kostnaði á hvern hleðslustað, er raðað frammar hærri kostnaði.“

er tekin úr reglunum. Greinin var til bráðabirgða þar sem ekki var vitað hversu mikil aðsókn yrði í sjóðinn í upphafi.

8. gr., nú 7. gr.

Fyrsta málsgrein, 8. gr.: „Ágreiningsmálum varðandi styrkveitingar samkvæmt þessum reglum getur íbúðareigandi skotið til borgarráðs Reykjavíkur“ er tekin úr reglunum þar sem umhverfis- og heilbrigðisráð afgreiðir umsóknir skv. endurskoðuðum reglum.